

3. mars 2019.

## Skeiða og Gnúpverjahreppur.

Sendi hér með ársstímlu félags eldniborgara í Skeiða og Gnúpverjahreppi fyrir árið 2018 eins og hún er send til handssambandsins. Jafnframt minni ég á að óskaf er eftir framlagi til rekturs félagsins.

f. h. Eldniborgara Skeið-Gnúp

Þjámi Ólafur Válinnason  
formatur

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. 0.06	K/S 4.3.19
Ábm. <i>[Signature]</i>	Svfr.
Afgr. <i>[Signature]</i>	( ) Bréf ( ) St.
Lvm.	Trm.

## Ársskýrsla

### aðildarfélags til Landssambands eldri borgara fyrir starfsárið 2018

**Heiti félags:** Félag eldri borgara í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

**Kennitala:** 580998-2679

**Formaður félags:** Bjarni Ófeigur Valdimarsson, Fjalli 2, 801 Selfoss

Símar: 8933198/4865527

**Heimilisfang/netfang:** Bókasafnshúsið í Brautarholti [eldriskeidgnup@gmail.com](mailto:eldriskeidgnup@gmail.com)

og [fjall2@simnet.is](mailto:fjall2@simnet.is)

**Fjöldi félagsmanna í árslok 2018:** Gjaldskyldir félagar 50

**Árgjald félagsmanns 2018:** 2000 krónur

#### Starfsemi félagsins:

Félagsfundir haldnir tvisvar í mánuði (annan hvern föstudag yfir vetrarmánuðina). Á þessa fundi koma oft hinir ýmsu fyrirlesar og fræða okkur, s.s. um heilsugæslu, mikilvægi hreyfingar, gikt og ýmsa öldrunarsjúkdóma. Söngfólk, hljóðfæraleikarar, leikskólabörn, grunnskólabörn, prestar og bikupar, að ógleymdu því sem félagsmenn framreiða sjálfir, s.s. skemmtiefni, gamall fróðleikur, sem hvergi er skráður, myndasýningar, spilað á spil og sungið við píanóundirleik og ávallt endað með sameiginlegu veislukaffi.

Jógaæfingar eru einu sinni í viku og sundleikfimi einu sinni í viku, nema þegar kaldast er. Þá heldur félagið þorablót á Hestakránni með uppákomum. Farnar leikhúsferðir, tónleikaferðir, skemmtiferðir og fræðsluferðir

#### Aðstaða:

Bókasafnshúsið í Brautarholti. Þar er ágætur samkomusalur fyrir félagsmenn og vel búið eldhús og aðstaða ein besta til funda. Einnig getur félagið haft afnot af félagsheimilinu Árnosi.

**Stuðningur sveitarfélagsins:** Sveitarfélagið styrkir eldri borgarafélagið með 270.000 króna framlagi á árinu auk endurgjalslausra afnota af húsnæði í bókahúsi og Árnosi. Þá hefur sveitarfélagið staðið straum af kostnaði vegna sundleikfimi og jóga.

**Öldungaráð:** Ekki hefur verið stofnað öldungaráð.

Með kveðju, 14. febrúar 2019,

Bjarni Ófeigur Valdimarsson